

# SUMARLEYFI OG OPNIR LEIKSKÓLAR SUMARIÐ 2020



Kæru foreldrar/forsjáraðilar

Rétt eins og síðastliðið sumar hefur verið ákveðið að bjóða foreldrum **aukinn sveigjanleika á orlofstímanum** með því að hafa einn leikskóla í hverju hverfi opinn allt sumarið 2020.

Eins og undanfarin ár munu leikskólar ykkar barna loka í 4 vikur yfir sumarið. Sumarlokunartímabilið er tekið í samráði við starfsmenn og foreldraráð leikskólans.

**Öll börn í leikskólum Reykjavíkur skulu taka að minnsta kosti 20 virka daga samfleytt í sumarleyfi á sumarleyfistíma.**

Ef foreldrar óska þess að taka sumarleyfi á öðrum tíma en leikskóli barnsins er **hægt að sækja um að barnið sæki leikskóla sem er með sumaropnun**, þann tíma sem leikskóli barnsins er lokaður. Sækja þarf um samfellt tímabil, að lágmarki í eina viku.

Rétt er að hafa í huga að flutningur á milli leikskóla getur verið sumum börnum erfiður þótt leitast verði við að starfsmaður sem fylgi barninu þekki það vel.

Einn starfsmaður úr leikskóla barnsins mun fara með börnunum sem flytjast í opna leikskólann og vera í þeim leikskóla í eina viku á meðan aðlögun stendur yfir.

**Umsókn um vistun í opna leikskólann skal skila til leikskólastjóra heimaleikskóla barns í síðasta lagi 1. apríl nk. og er umsóknin bindandi.**

Ef ekki er sótt um vistun í opinn leikskóla er litið svo á að barn muni fara í sumarleyfi á þeim tíma sem leikskóli þess lokar.



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

